



Guðmundur Franklín Jónsson mun skipa fyrsta sætið í Reykjavíkurborgardæmi norður fyrir Frjálslynda lýðræðisflokkinn (X-O) í komandi alþingiskosningum.

Guðmundur er viðskipta- og hagfræðingur og með BA gráðu í stjórnun frá Johnson & Wales University í Providence Rhode Island og stundaði meistaranám í alþjóðahagfræði og stjórnmálafræði við Charles University í Prag Tékklandi. Guðmundur er einnig löggiltur verðbréfamiðlari í Bandaríkjunum.

Guðmundur starfaði á Wall Street New York, Bandaríkjunum í vel á annan áratug sem verðbréfamiðlari hjá Bersec International, framkvæmdastjóri hjá Oppenheimer & co og framkvæmdastjóri hjá Burnham Securities & Asset Management. Guðmundur var hótelsstjóri í Prag og Bornholm í Danmörku. Guðmundur kenndi einnig rekstrarstjórnun við New York University í Prag. Guðmundur hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja og félagsamtaka auk þess að hafa starfað sem leiðsögumaður á Íslandi.

Guðmundur stofnaði stjórnmálaflokkinn Hægri græna og var formaður hans auk þess sem hann tók þátt í forsetakosningunum í júní s.l.